

Leiðbeiningar vegna skráningar á framkvæmdum

Skráning framkvæmda er mikilvægur þáttur skógræktar og forsenda uppgjörs vegna skógræktarframkvæmda. Til að auðvelda skráningur eru sérstök skráningarblöð sem mikilvægt er að séu fyllt út um leið og framkvæmdir fara fram.

Skráning gróðursetninga

Reitur: Skráð er aðeins ein tegund og einn reitur í hverja línu. Þegar fleiri en ein tegund er gróðursett í reit, skal nota eina línu fyrir hverja tegund. Sé sama tegund gróðursett í samliggjandi reiti skal skrá hvern reit fyrir sig.

Tegund: Notast skal við skammstafanir á tegundum. Á afhendingar seðli eru skammstafanir eru innan sviga afta við nafn hvernar tegundar.

Alaskavíðir	AV	Jörvavíðir	JV
Alaskaösp	AÖ	Loðvíðir	LV
Birki	IB	Mýrarlerki	ML
Bergfura	BF	Marpöll	MPö
Blágreni	BG	Rússalerki	RL
Blæösp	BÖ	Sitkaelri	SE
Evrópulerki	EL	Stafafura	SF
Fjallapínur	Fpi	Sitkagreni	SG
Fjallapöll	Fpö	Skógarfura	SKF
Gulvíðir	GV	Selja	SV
Grænelri	GE	Svartgreni	SvG
Hvítgreni	HG	Sitkabastarður	SxHG
Hreggstaðavíðir	HRv	Viðja	VV
Ilmreynir	IR		

Kvæmi: Skrá þarf kvæmi hvernar tegundar fyrir sig. Kvæmi er gefið upp á afhendingarseðlum.

Bakkagerð: Bakkagerð er fjöldi plantna sem bakkinna inniheldur. Hér er skráður fjöldi bakka undir viðeigandi gerð.

Áburður: Áburður skal fara í holu (um 15 gr.) við hverja plöntu. Séu undantekningar frá því skal það útskýrt í athugasemda dálki.

Blöndun: Hér er um að ræða bæði íbætur í eldri gróðursetningar og blöndun tegunda í reiti. Við blöndun tegunda við nýgróðursetningu telst sú tegund íblöndun sem minnst er af.

Jarðvinnsla: Hér eru dálkar fyrir vélunnið land og fyrir flekkingu. Skrá skal hlutfall plantna í % í þann/þá reiti sem við á.

Athugasemdadálkur: Þessi dálkur er til staðar til að skrá upplýsingar sem ekki koma fram á öðrum stöðum en gætu haft áhrif á framkvæmdir í tilteknum reit, t.d. ef gróðursett er í hluta reits eða mikið af birki og víði er komið í reitinn. Slíkar upplýsingar gefa betri mynd af ástandi reitsins og hjálpa til við að skipuleggja frekari framkvæmdir.

Jarðvinnsluskráning:

Útfylling segir sig sjálf, muna að skrá hlutfall reitar og tegund jarðvinnslu. Ef hlutfall reitar er ekki vitað, skrá þá fjölda hektara. Skrá líka hvaða hluti reitar var jarðuninn. ***Skráning á kort***

Kort: merkja skal greinilega inn á kort í hvaða reiti eða hluta reita er gróðursett eða jarðunnið.

Athugið að ef skýrslur og kort eru ekki nægjanlega vel útfyllt verða þær endursendar viðkomandi til lagfæringar